

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Júní 2018

## Skráð atvinnuleysi var 2,1% í júní

Skráð atvinnuleysi í júní var 2,1% og minnkaði um 0,1 prósentustig frá maímánuði. Að meðaltali fjölgaði um 583 á atvinnuleysissskrá í júní í ár frá júní í fyrra (2017), en þá mældist skráð atvinnuleysi 1,8%.

Atvinnuleysi minnkaði um 0,2 prósentustig á landsbyggðinni frá maímánuði, en var óbreytt á höfuðborgarsvæðinu. Alls voru 2.079 karlar að jafnaði atvinnulausir í júní og 1.987 konur. Var atvinnuleysi 1,9% meðal karla og lækkaði um 0,2 prósentustig frá maímánuði og 2,3% meðal kvenna, sem er óbreytt frá því í maí. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júní eða 2,7% en minnst á Norðurlandi vestra, 0,8%.

Greiddar voru 974 milljónir í atvinnuleysistryggingar í júní, 905 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga, 38 milljónir vegna tekjutengdra trygginga og 31 milljónir vegna barnadagpeninga.

Alls fóru 579 einstaklingar af skrá í júnímánuði, þar af fór 341 í vinnu eða vinnumarkaðsúrræði, eða um 59%. Þá voru 150 (26%) einstaklingar sem voru afskráðir þar sem þeir áttu ekki bótarétt eða staðfestu ekki atvinnuleit.


Alls komu inn 143 ný störf sem auglýst voru í vinnu- miðlun hjá Vinnumálastofnun í júní, að stærstum hluta störf verkafólks, en einnig fjölbreytt störf við þjónustu, sérfræðistörf og störf iðnaðarmanna.

Í júní gaf Vinnumálastofnun út 142 atvinnuleyfi til útflendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 943 atvinnuleyfi það sem af er ári.

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 32 erlend fyrirtæki starfandi í júní. Fjöldi starfsmanna á vegum þessara fyrirtækja var samtals 201 og hefur þeim fækkað um níu frá síðasta mánuði.

Alls voru 1.447 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok júní eða um 33% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 4,8% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.

Skráð atvinnuleysi frá júní 2016 til júní 2018




## Greining atvinnuleysis

# Atvinnuleysi í júní og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í júní mældist eins og fyrr segir 2,1% og voru að jafnaði 4.066 einstaklingar á atvinnuleysis-skrá í mánuðinum. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 24 á atvinnuleysis-skrá frá maí. Hins vegar voru í júní 583 fleiri á atvinnuleysis-skrá en í júní 2017.

## Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júní eða 2,7% og 2,3% á höfuðborgarsvæðinu. Minnsta atvinnuleysið var á Norðurlandi vestra 0,8%.



Alls voru 2.079 karlar að jafnaði atvinnulausir í júní og 1.987 konur og var atvinnuleysi 1,9% meðal karla og 2,3% meðal kvenna. Atvinnuleysi minnkaði um 0,2 prósentustig milli mánaða hjá körlum en var óbreytt hjá konum.

Alls voru 509 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok júní í ár sem samsvarar um 1,6% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmendum hefur

fjölgað um 85 frá júní 2017 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 424.

## Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 876 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júní en voru 813 í júnílok 2017. Hefur þeim því fjölgað um 63 milli ára. Hlutfall langtímaatvinnulausra var um 20% af öllum á atvinnuleysis-skrá í júní í ár en var rúmlega 21% í júní í fyrra (2017).

## Atvinnugreinar og starfsstéttir


Nokkur fækkun atvinnulausra var í fiskveiðum, upplýsinga- og fjarskiptastarfsemi svo og í fjármála- og tryggingastarfsemi frá júní 2017 en aukning í öðrum atvinnugreinum, mest í mannvirkjagerð og samgöngum-/flutningum, en einnig í gisti- og veitingastarfsemi og fræðslustarfsemi.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fækkaði sérfræðingum á atvinnuleysis-skrá milli ára, sem og bændum og fiskimönnum og sérmenntuðu starfsfólki, en mest fjölgun atvinnulausra varð hlutfallslega meðal iðnaðarmanna og véla- og vél-gæslufólks

## Atvinnulausir erlendingar ríkisborgarar


Alls voru 1.447 erlendingar ríkisborgarar án atvinnu í lok júní eða um 33% allra atvinnulausra. Hefur útlendingum farið fjölgandi á atvinnuleysis-skrá frá því s.l. haust og eru nú um 33% allra atvinnuleitenda. Þessi fjöldi samsvarar um 4,8% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.

Erlendingar ríkisborgarar á atvinnuleysis-skrá, þróun síðustu 2 ár




Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisskrá komu frá Póllandi eða 813, sem er um 56% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisskrá. Því næst koma Litháar og Lettar, en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok júní 2018



Þeirra í starfsendurhæfingu eða í önnur endurhæfingarúrræði, 20 fóru í orlof, 12 fóru í fæðingarorlof og 14 höfðu fullnýtt bótarétt sinn.

Ástæður þess að fólk fór af atvinnuleysisskrá í júní 2018



## Horfur til næstu mánaða

Gera má ráð fyrir að atvinnuleysi verði svipað í júlí eins og í júní en skráð atvinnuleysi er einna lægst frá maí til september vegna áhrifa árstíðasveiflu. Því má gera ráð fyrir að skráð atvinnuleysi í júlí verði á bilinu 2,0-2,2%.

## Þjónusta við atvinnuleitendur

# Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

## Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 579 einstaklingar af skrá í júnímánuði, þar af fóru 341 í vinnu eða vinnumarkaðsúrræði, eða um 59%. Þá voru 150 (26%) einstaklingar sem voru afskráðir því þeir staðfestu ekki atvinnuleit í lok júní, mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal, fengu synjun eða drógu umsókn til baka. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu. Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra 88 sem eftir standa, 21 var óvinnufær og fóru einhverjir

Karlar voru 56% þeirra sem afskráðust í júní, sem er sama hlutfall og síðustu mánuði. Um 69% afskráðra, eða 402, höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf tveimur árum og 18% (107 manns) í 6 til 12 mánuði. Um 12% afskráðra (70 manns) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár. Hlutfallslega fleiri úr yngri aldurshópnum afskrást en þeir eldri, þannig voru 33% afskráðra úr hópi 18-29 ára og 29% úr hópi 30-39 ára. Nokkur munur er á afskráningarástæðum eftir aldri. Þannig nefna hlutfallslega fleiri þeirra sem komnir eru yfir fertugt að þeir hafi farið í vinnu (yfir 60%) meðan hlutfallið er nær 50% hjá þeim sem eru innan við fertugt. Þeir yngri hafa á hinn bóginn í meira mæli farið af skrá án þess að gefa upp ástæðu, hafa þá trúlega fengið vinnu, en láta síður vita en þeir eldri.

Margir þeirra sem fóru í starf nýttu sér þjónustu vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar við atvinnuleitina. Sumum var miðlað beint í starf af atvinnuráðgjafa, aðrir fengu ráðgjöf og urðu sér út um starf á eigin spýtur. Enn aðrir voru einungis skráðir atvinnulausir og fundu sér starf án nokkurrar aðstoðar.

## Auglýst störf í vinnumiðlun í júní

Alls komu inn 143 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í júní. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og fleiru eða 32 störf og að auki 17 störf verkafólks í þjónustu af ýmsu tagi s.s við ræstingar og þvotta, eða samtals um 34% störf verkafólks. Þá voru 25 afgangslustörf (18%) í verslunum og á veitingahúsum og 25 störf (18%) á sviði stjórnunar, sérfræðistörf eða störf skrifstofufólks.

Um 64% þessara starfa voru á höfuðborgarsvæðinu, 13% á Vesturlandi og 23% voru annars staðar á landinu.


Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	25	18%
Þjónustustörf	16	11%
Afgreiðslustörf	25	18%
Iðnaðarmenn	19	13%
Bílstjórar og vélafólk	9	6%
Verkafólk í þjónustu	17	12%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði ofl.	32	22%
<b>Samtals</b>	<b>143</b>	<b>100%</b>

## Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í júní tóku 487 einstaklingar þátt í slíkum úrræðum, sem er allmikil fækkun frá í maí, enda fækkar þeim eðli máls samkvæmt sem fara í nám og námskeið yfir sumarmánuðina.

Af þessum 487 voru 264 í ýmiss konar grunnúrræðum, en grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrángerð, markmiðasetningu og sjálfstyrkingu. Alls voru 96 einstaklingar í grunnúrræðum sem snúa að sjálfstyrkingu og þjargráðum, 40 karlar og 56 konur. Flestir þeirra voru á aldrinum 18-29 ára eða 45 manns.

Þá voru 125 einstaklingar á ýmis konar námskeiðum, í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga en einnig ýmis starfstengd námskeið s.s almenn tölvu- og bókhaldsnámskeið og meirapróf eða vinnuvélanámskeið. Að auki voru 39 manns skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi.




Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í júní unnu 23 einstaklingar að slíkri hugmynd, 14 konur og 9 karlar. Í starfsendurhæfingu, starfsþjálfun á vinnustað og fleiri atvinnutengdum úrræðum voru 36 manns.

Þá voru 118 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, m.a. við ýmiss konar starfsþjálfun og í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana.

## Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í júní voru gefin út 88 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 67 einstaklingar, 6 einstaklingar fóru til Litháen og 15 til 10 annarra ríkja. Það sem af er ári hafa verið gefin út 298 slík vottorð.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, júní 2018



Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysistryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í júní voru gefin út 69 U1 vottorð sem er nokkru minna en í fyrra mánuði. Líkt og undanfarna mánuði voru flest vottorðin gefin út til Póllands (23), en einnig voru mörg vottorð gefin út til Tékklands (17) að þessu sinni. Hin 29 vottorðin dreifðust nokkuð mikið á 13 önnur ríki. Það sem af er ári hafa verið gefin út 512 U1 vottorð.

Útflutt réttindi í atvinnuleysistryggingakerfinu eftir löndum, júní 2018



## Útlendingar


# Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

## Atvinnuleyfi

Færri atvinnuleyfi voru gefin út í júní í ár en í júní fyrir ári síðan. Þannig gaf Vinnumálastofnun út 142 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi samanborið við 183 í sama mánuði árið 2017.

Hefur stofnunin gefið út 943 atvinnuleyfi það sem af er ári. Af útgefnum leyfum í júní voru 70 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 51 framlengd leyfi, 17 leyfi til námsmanna og fjögur á grundvelli þjónustusamninga. Á meðfylgjandi súluriti má sjá útgefin atvinnuleyfi í júní mánuði árin 2016 til 2018.

Útgefin atvinnuleyfi í júní 2016 - 2018



## Útsendir starfsmenn

Útsendir starfsmenn hafa ekki verið færri síðan á fyrri hluta árs 2016. Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 32 erlend fyrirtæki starfandi í júní. Fjöldi starfsmanna á vegum þessara fyrirtækja var samtals 201 og hefur þeim fækkað um níu frá síðasta mánuði og eru umtalsvert færri en í júní bæði í fyrra og árið 2016. Hefur útsendum starfsmönnum fækkað jafnt og þétt á árinu 2018 og hafa þeir verið mun færri en á síðasta ári að janúarmánuði undanskildum.



## Viðburðir um vinnumál

# Mannafla- og færnispár á vinnumarkaði


Ný greining sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur gert á íslenskum vinnumarkaði var kynnt Ásmundi Einari Daðasyni, félags- og jafnréttismálaráðherra á fundi 25. júní s.l. Jafnframt afhenti sérfræðingahópur um færnispár ráðherra skýrslu um það hvernig haga meggi reglubundnu mati á færni-, menntunar-, og mannaflapörf á vinnumarkaði til framtíðar.



Ásmundur Einar Daðason og Sigurður Björnsson frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands


Hér á landi hefur ekki fyrr verið gerð greining á vinnumarkaðinum eins og sú sem Hagfræðistofnun Háskólans hefur nú gert, en greiningin veitir margvíslegar upplýsingar um menntun vinnuafslins,

Fjöldi útsendra starfsmanna  
jan.-júní 2016 til 2018



Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 1.552 í mánuðinum á vegum 30 starfsmannaleiga. Hefur starfsmönnum hjá starfsmannaleigum fækkað um 22 á milli mánaða og eru nokkru færri en í sama mánuði árið 2017. Þeir hafa þó verið fleiri lengst af 2018 samanborið við fyrri hluta 2017, en svo virðist sem ákveðinn stöðugleiki sé kominn í fjölda starfsmanna á vegum starfsmannaleiga eða í kringum 1.500 manns.

Fjöldi starfsmanna starfsmannaleiga  
janúar til júní 2016 til 2018



**ÁBYRGÐARSJÓÐUR LAUNA  
GREIDDI**

**53 launamönnum**

vangoldin laun vegna gjaldþrota  
fyrirtækja í júní

**FÆÐINGARORLOFSSJÓÐUR  
GREIDDI**

**1.025 milljónir í júní**

til 2.862 mæðra og 1.359 feðra

meðalaldur innan ólíkra starfsstétta, aldursþróunina á liðnum árum, kynjahlutföll og marga aðra þætti sem snerta samspil starfa og hæfni vinnuafslins.

Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld hafa undanfarin ár verið sammála um mikilvægi þess að færni-, menntunar- og mannaflapörf á íslenskum vinnumarkaði sé betur greind. Vegna skorts á upplýsingum hvað þetta varðar hafa Íslendingar verið eftirbátar nágrannaþjóða þegar kemur að heildarstefnumótun í þessum efnum. Í skýrslu sérfræðingahópsins er bent á mikilvægi þess að menntun vinnuafslins sé í sem bestu samræmi við þá þróun sem á sér stað á vinnumarkaði og því lykilatriði að fjárfest sé í réttri menntun og færni.

Fulltrúar frá Vinnumálastofnun, Alþýðusambandi Íslands, Hagstofu Íslands og Samtökum atvinnulífsins sátu í sérfræðingahópnum sem í vinnu sinni skoðaði ítarlega færnisþár annarra þjóða og þá sérstaklega hvernig Finnar, Svíar og Írar standa að þessum málum en þeir eru taldir meðal fremstu þjóða á sviði vinnumarkaðsgreininga og gerð færni- og mannafla-spáa eins og hér um ræðir.

Tillögur sérfræðingahópsins til ráðherra fela í sér ábendingar um aðgerðir og leiðir til að koma á reglubundnu og kerfisbundnu mati á færni-, menntunar-, og mannaflapörf á vinnumarkaði til framtíðar. Skýrslur Hagfræðistofnunar og sérfræðingahópsins er að finna hér á vef Vinnumálastofnunar:

<https://www.vinnumalastofnun.is/um-okkur/tolfraedi-og-utgefid-efni/faernithorf-a-vinnumarkadi>



Ásmundur Einar Daðason félags- og jafnréttismálaráðherra ásamt fulltrúum sérfræðingahópsins, frá vinstri: Róbert Farestveit, ASÍ, Karl Sigurðsson, Vinnumálastofnun, Ólafur Halldórsson, SA og Anton Karlsson, Hagstofu Íslands

Sjá nánar tölulegar upplýsingar á [mælaborði](#) Vinnumálastofnunar og í [excelskjöllum](#).

## Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

**Excelskjöl** með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

**Pdf skjöl** fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

**Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi** og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra